



4,1% verðbólga í febrúar – áfram yfir markmiði Seðlabankans

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,69% milli mánaða í febrúar og mælist verðbólga nú 4,1% samanborið við 4,3% í janúar. Verðbólga er því enn yfir efri vikið Seðlabankans um verðbólgu markmið. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,74% milli mánaða og mælist verðbólga án húsnæðis 4,5%.

Vísitalan hækkaði ívið meira milli mánaða en við áttum von á - við höfðum spáð 0,52% hækkun.

Mesti munur á spá okkar og mælingu Hagstofunnar liggur í að liðurinn viðhald og viðgerðir á húsnæði hækkaði meira en við áttum von á.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða

- **Föt og skór** hækkuðu milli mánaða vegna útsöluloka. Hækkunin var þó minni en síðustu ár sem skýrist af því að janúarútsölurnar voru mun slakari en áður.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,02% milli mánaða. Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 0,50% en áhrif vaxtabreytinga voru 0,48 prósentustig til lækkunar.
- **Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu** hækkaði aðallega vegna hækkana á viðhaldi og viðgerðum á húsnæði sem hækkaði um 2,2% milli mánaða. Verð á efni til viðhalds var óbreytt milli mánaða, en viðhaldsþjónusta hækkaði um 6,2%.
- **Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.** hækkaði milli mánaða vegna útsöluloka.
- **Bensín** hækkaði vegna hækkana á heimsmarkaðsverði á olíu.
- **Tómstundir og menning** hækkuðu milli mánaða vegna útsöluloka. Meðal annars hækkuðu hljómflutningstæki um 10,9% milli mánaða og sjónvörp, útvörp og myndspilarar hækkuðu um 7,2% milli mánaða.


Gerum ráð fyrir að verðbólga lækki áfram

Eins og staðan er í dag reiknum við með að vísitalan hækki um 0,45% í mars, 0,19% í apríl og 0,34% í maí. Gangi það eftir verður verðbólgan 3,8% í maí.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	15,1%	-0,12%	6,4%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,25%	4,2%
Föt og skór	3,5%	4,39%	6,0%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,94%	3,2%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,02%	2,5%
Húsgögn og heimilisb.	5,7%	3,16%	9,4%
Heilsa	4,3%	0,16%	4,5%
Ferðir og flutningar - annað	4,5%	1,17%	5,9%
Kaup ökutækja	6,0%	-0,74%	8,8%
Bensín og díselolía	3,3%	2,21%	-0,8%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-0,03%	-13,1%
Póstur og sími	1,4%	1,40%	-5,8%
Tómst. og menning	10,1%	0,75%	3,6%
Menntun	0,5%	0,00%	2,1%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,57%	1,9%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,45%	4,4%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV lækkaði um 0,69% milli mánaða og mælist verðbólgan 4,1%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Ársbreyting vísitölu neysluverðs án húsnæðis er 4,5%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við spáum +0,45% í mars, +0,19% í apríl og +0,34% í maí.




Mars- maí er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gangi það eftir verður verðbólgan 3,8% í maí.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu hækkaði vegna viðhalds og viðgerða á húsnæði.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Framlag innfluttra vara lækkaði úr 2,3 prósentustig 2,0 prósentustig.




Heimild: Hagstofa Íslands




Evran hefur lækkað um 0,8% og Bandaríkjadalur um 1,1% síðan í lok verðkönnunarvikunnar.




89% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði, þar af 73% meira en 2,5%.




Það var óveruleg breyting á mat- og drykkjarvörum milli mánaða




Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 0,50%, áhrif vaxtabreytinga var -0,48 prósentustig.



Föt og skór eru núna um 6% dýrari en í janúar 2020.




Flugfargjöld til útlanda eru 13,1% lægri en í febrúar 2020.






Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er milli 2,5% og 3,0%.



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er lægra á styttri bréfum en lengri.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.